

1895

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 317/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Hákoni Eydal

(Arnmundur Backman hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1993. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og hann dæmdur til enn frekari sviptingar ökuréttar frá uppkvaðningu dóms Hæstaréttar að telja.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsíákvæða svo og sektarákvörðun.

Miðað við áfengismagn í blóði ákærða, sem var 1,83‰, er lögbundin lágmarkssvipting ökuréttar eitt ár, sbr. 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 44/1993. Rétt þykir að svipta ákærða ökurétti í tólf mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Með hliðsjón af mistökum þeim, sem urðu við ákvörðun héraðsdómara um sviptingu ökuréttar, er rétt, að allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hákon Eydal, greiði 35.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella tíu daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökurétti í tólf mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arn-
mundar Backman hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júní 1993.

Ár 1993, föstudaginn 18. júní, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 195/1993: Ákærvaldið gegn Hákonu Eydal, í Héraðsdómi Reykjavíkur. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, hefur lögreglustjórinn í Reykjavík höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali, út gefnu 22. mars og birtu 13. maí sl., á hendur Hákonu Eydal, kt. 230359-5129, Stórholti 19, Reykjavík, fyrir að hafa ekið undir áhrifum áfengis föstudaginn 15. janúar 1993 bifreiðinni R-68324 frá Rauðarárstíg að Stórholti 14 í Reykjavík, þar sem lög-
regla hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum, og hefur málið verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Föstudaginn 15. janúar sl. kl. 13.40 var lögreglunni tilkynnt um, að ölvaður maður væri að aka bifreiðinni R-68324, sem er eign ákærða. Þegar lögreglan kom að bifreiðinni fyrir utan heimili ákærða, stóð hún þar við gangstéttarbrún og ákærði fyrir aftan hana ásamt vitninu Gestu Ísleifssyni, sem gengur við tvær hækjur. Báðir voru ölvaðir. Ákærði neitaði að hafa ekið, en Gestur gaf þá skýringu á veru sinni, að ákærði hefði ekið sér þangað, sem hann var kominn. Ákærða var tekið blóð, og reyndist vínandamagn 1,83‰. Snjór var nýfallinn og lítills háttar snjócoma, þegar lögreglumennina bar að. Vél bifreiðarinnar var heit, og kveikjulásslykill fannst á ákærða. Lögreglumennirnir töldu sig sjá fótaför ákærða í snjónum, og sýndu þau, að hann hefði stigið út úr bifreiðinni að framan ökumanns megin. Þeir skoðuðu sóla á skóm ákærða og fullvissuðu sig um, að förin í snjónum væru eftir þá. Þeir telja sig þess og fullvissa, að engin för hafi verið við bílinn eftir aðra en ákærða og Gest, sem virtist hafa komið út úr bílnum hægra megin. Ákærði sagði lögreglunni, að hann vissi ekki, hver hefði ekið bílnum, en benti á, að bróðir sinn og fyrri eigandi hefðu bæði lykla að bílnum. Ekki gat hann skýrt, hvernig stóð á veru Gestu.

Hér fyrir dómi sagði ákærði, að hann hefði rekist á Gest á horni Rauðarárstígs og Stórhólts, þar sem hann var kaldur og illa á sig kominn; Gestur hafi þá verið sér ókunnugur. Þegar hann var kominn heim til sín, fékk hann bakþanka og kom í hug að skjóta skjólshúsi yfir Gest, sem hann segir heimilislausan. Þá bar að nágretta ákærða, sem hann nefnir Trausta, en getur engin önnur deili sagt á. Ákærði fékk Trausta til að aka bílnum þangað, sem Gestur var, og aka honum heim til ákærða. Þar skilaði Trausti bíllyklunum og hvarf við svo búið til síns heima.

Lögglumennirnir hafa borið vitni, eins og að framan greinir, í samræmi við fram lagðar lögregluskýrslur, en ekki tókst að afla vættis Gest. Einn lögreglumannanna kveðst ekki hafa veitt fótsporur sérstaka athygli. Öryggisvörður á vegum Securitas sá til ákærða og tilkynnti um ölvunaraktur. Hún kveður aðeins einn mann hafa verið í bílnum, þegar honum var ekið niður Stórholt og inn á Rauðarárstíg til vinstri. Hún kveður ökumann hafa stigið út úr bílnum, hjálpað fatlaða manningum upp í hann og ekið aftur upp Stórholt.

Ákærði heldur því fram, að frá því að bílnum var lagt á stæðið og þangað til lögreglan kom, hafi liðið að minnsta kosti fimm mínútur, og að minnsta kosti einum bíl hafi verið ekið austur Stórholt á þeim tíma, svo að spor ökumannsins hefðu getað máðst út við það. Ákærði hefur orðið tvisaga, og saga hans fyrir dóminum er ósennileg. Verður að telja fullsannað með vætti lögreglumannanna og öryggisvarðarins auk annarra málgagna, að ákærði hafi ekið bifreiðinni í nefnt sinn. Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða. Ákærði hefur ekki sætt refsingu síðan á árinu 1980, þegar hann gekkst undir sekt og var sviptur ökuleyfi um stundarsakir, og ekki ella, svo að vitað sé. Þykir refsing hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt í ríkissjóð, en til vara tíu daga varðhald. Þá sæti ákærði sviptingu ökuréttar í tvo mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar.

Dráttur varð á meðferð málsins, frá því að það barst dómáranum og þar til ákæra var send til birtingar, vegna anna við meðferð annarra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hákon Eydal, greiði 35.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna, en sæti ella tíu daga varðhaldi. Þá sæti hann sviptingu ökuréttar í tvo mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 20.000 krónur.